

EFTIRLITSSKÝRSLA nr 4

Sérstakt eftirlit sbr. 76. gr. laga nr. 60/2013

Dagsetning eftirlits: 16/7 – 19/7 '19

Nafn fyrirtækis: Landsnet hf.

Framkvæmdasvæði: Kröflulína 3

Tengiliður fyrirtækis: Bjarni Jónsson

UST201910-178/10.05.04

Ábyrgðarmaður eftirlits: Björn Stefánsson

Tilgangur eftirlits: Staðsetning línuvegar, eftirlit með efnistöku og frágangi til að draga úr umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.


Ábendingar: **Svæði 1.** Endurskoðuð leið að mastri 6 ákveðið a fylgja slóð sem fyrir er. Skoðuð slóðagerð við möstur 7-9. Þarna er leirkenndu efni mokað undan slóðinni. Þessu efni verður varla komið fyrir við slóðina þar sem hún er nánast slétt við landið. Frekar ætti að fjarlægja þetta efni og flytja í námuna. Hjá þessum verktaka er nokkuð um óvana bílstjóra, illa dregið úr hlössum og slóðin ómótuð. Þetta skrifast að hluta á efnið og ætti að gera ráð fyrir meiri vinnu við frágang á fyrsta hluta svæðis 1. Stikaðri leið frá mastri 23-24 breytt vegna óska fulltrúa landeigenda. Lögð er áhersla á að fylgja vatnsrásum eins og kostur er og verður það gert en gera ætti ráð fyrir úrrennsli i rásunum og því ætti að reyna að nýta efni úr rásunum eins og kostur er. Frá mastri 26-29 er lagt til að færa slóðina ofar í landi og reyna að þræða mela í stað þess að fara yfir vel gróið land. Þessi lína var sett út gróflega með fulltrúum landeigenda og þarf að þetta útsetningu. Settar út leiðir að möstrum 33 og 34. Þarna ætti að hafa samráð við Vegagerðina um tengingar við Hringveg.

Svæði 2. Sett út leið að mastri 190 óljóst með leið að mastri 191 þar sem línan hefur ekki verið sett út. Settar út leiðir að möstrum 215 og 216. Valin leið frá lager ofan við Bjallkolludal að línunni og settar út slóðir að möstrum 214-210. Samkvæmt óskum landeigenda Hákonarstaða er slóð að mastri 219 valin neðan við mel til að draga úr sýnileika. Þetta er á uppgrónu svæði þar sem leggja skal áherslu á að keyra á landinu og raska ekki grónu yfirborði nema við möstur. Valin leið að mastri 222 við læk þar sem land Hákonarstaða byrjar. Þarna komu fram óskir landeigenda að slíta slóðina í sundur og hefja þess í stað framkvæmdir frá Jökuldal. Þetta myndi krefjast nokkurrar vegagerðar í Jökuldal, en efnisflutningar gætu verið hentugri þessa leið. Í landi Hákonarstaða eru víða djúpir flóar, allt að 12 m djúpir skv. upplýsingum landeigenda. Ef unnt er ætti að kanna hvort mögulegt sé að færa möstur sem lenda í votlendi á þurrara land. (Um númer þessara mastra upplýsir Aðalsteinn). Farið var yfir alla línuna í landi Hákonarstaða í einu og gert ráð fyrir að fara aðra ferð og stika leiðir. Ljóst er að önugt gæti verið að leggja slóð að mastri 223 -229. Þar sem möstrin standa ýmist í votlendi eða í hlíð sem er nokkuð brött og víða eru djúpir skorningar. Þarna er að öllum líkindum best að fylgja að mestu leyti tillögu um leið í gögnum. Huga þarf að efni á þessu svæði og að sameiginlegur skilningur verði um efnistöku á þessu svæði milli Landnets og landeigenda bæði varðandi staðsetningu og mögulega efnispörf.

Frávik: Engin.

Niðurstaða eftirlits: Reynt að forðast rask á gróðri eins og kostur er við slóðagerð.

18. október 2019, Björn Stefánsson



f.h. Umhverfisstofnunar

Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í náttúruverndarlögum eða mati á umhverfisáhrifum.
Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á sem ekki telst frávik.